

**Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 2000.**

**Þórólfur Antonsson**

**Veiðimálastofnun, VMST-R/0109.**

Skýrslan er unnin fyrir veiðifélag Hofsár.

## Efnisyfirlit.

	Bls.
<b>Summary.....</b>	<b>2</b>
<b>Inngangur.....</b>	<b>3</b>
<b>Framkvæmd.....</b>	<b>3</b>
<b>Niðurstöður og umræða.....</b>	<b>4</b>
<i>Seiðabúskapur.....</i>	<i>4</i>
<i>Laxveiðin.....</i>	<i>5</i>
<i>Seiðasleppingar og endurheimtur.....</i>	<i>6</i>
<b>Heimildir og skrá yfir fyrri rannsóknir.....</b>	<b>6</b>
<b>Töflur.....</b>	<b>7</b>
<b>Myndir.....</b>	<b>11</b>

## Summary

In the annual survey of the status of salmon juveniles, sex stations were electro-fished in River Hofsa and two above impassable waterfall. In River Sunnudalsa one station were electro-fished below and an other above waterfall. This was done in late August. As usually all the juveniles caught were anethesized and the size (length and weight) of all fry and parr are measured. A few parr were sacrificed to get scale samples and otholits for age determination. The number in each year-class was calculated as number per 100 m<sup>2</sup>. Juvenile surveys have been executed in River Hofsa every year since 1979 and are part of more comprehensive research on fluctuation of salmon abundance in NE-Iceland.

At this time (year 2000) five year-classes were observed in R. Hofsa i.e. 0-4 years old. The density of young-of-the-year was 0.3 per 100m<sup>2</sup> and one year old parr was 1.8; two year old 1.0 which is below average and three year old 3.4 per 100m<sup>2</sup> (table 1 and 3). In 1999 the two year old parr were considered as a strong year-class and consequently in 2000 the three year old parr were strong year-class even though part of it probable migrated to the sea in the spring. During the last two summers the growth of the juveniles was above average (table 4). First sign of spawning and hatching were seen in Hofsa above impassable waterfalls, but matured salmon have been released there for the last three years.

Decline in number of 2SW salmon from each smolt-cohort compared with the number of 1SW salmon (grilse) from the same smolt-cohort are seen in Hofsa (Figure 7) as in most salmon populations in the N- Atlantic. Scientists do not have explanations for this development, but it seems to have began in 1985.

In the report tables and figures text are presented in English, as well as in Icelandic.

## **Inngangur**

Eftirfarandi skýrsla er árlegt yfirlit yfir seiðabúskap, seiðasleppingar og veiði í Hofsá í Vopnafirði 2000. Veiðifélag Hofsár stendur straum af þessum rannsóknum. Til er óslitin röð af seiðarannsóknum í Hofsá frá árinu 1979, sem er ómetanlegt við langtíma rannsóknir á orsökum mikils breytileika í laxgengd í þessum landshluta. Áður hafa verið gefnar út skýrslur um þessar rannsóknir og aftast í þessari skýrslu er að finna skrá yfir það sem birst hefur um rannsóknirnar í Hofsá í gegnum tíðina.

Til þess að styrkja þessar rannsóknir enn frekar hefur verið bætt við fleiri rannsóknarþáttum í þremur s.k. lykilám á landinu. Ein þeirra er Vesturdalsá í Vopnafirði. Frá niðurstöðum úr þeim rannsóknum má draga ályktanir sem einnig gilda fyrir árnar á sama landssvæði. Lykilárnar eru því mikilvægar fyrir laxarannsóknir í heild og eiga að nýtast öllum laxveiðiám.

## **Framkvæmd**

Sumarið 2000 voru rafveiddar 6 stöðvar í Hofsá á fiskgenga hlutanum og 3 stöð á ófiskgenga hlutanum, þ.e. ein við Mel og tvær við Brunahvamm en þeim tveim var slegið saman í úrvinnslu. Í Sunnudalsá var rafveidd ein stöð á fiskgenga hluta árinna og á ófiskgenga hlutanum var veitt við Borgir og á tveimur stöðum framan við ós Fossár. Fremri stöðin var tæpum kílómetra framan við ós Fossár í Sunnudalsá.

Stöðvarnar á fiskgengum svæðum voru á sömu eða mjög nálægum svæðum og gert hefur verið um nokkurt skeið. Rafveiðarnar fóru fram dagana 16. og 22. ágúst. Öll seiðin sem veiddust voru lengdar- og þyngdarmæld. Af nokkrum seiðum á hverri stöð var tekið hreistur og kvarnir til aldursákvörðunar. Hver stöð var mæld og reiknaður þéttleiki seiða á hverja 100 m<sup>2</sup> botnflatar fyrir hvern aldurshóp.

Laxveiðin var skráð í veiðibækur, líkt og áður, lengd, þyngd og veiðidagur hvers einstaks lax. Nokkru af laxinum var sleppt aftur og var það annað árið í röð sem það var gert. Því er nú talað um veiði (veiddir fiskar - slepptir fiskar meðtaldir) og afla (fiskar sem er landað en ekki sleppt). Af hluta þeirra var tekið hreistursýni, en út frá því er metið ferskvatns- og sjávaraldur laxins, svo og hvort hann hafi hrygnt áður. Aldrei er nógu vel brýnt fyrir veiðimönnum eða veiðivörðum að taka hreistursýni jafnt yfir allt sumarið, ekki þarf að taka hreistur nema 25-30% af aflanum en jafndreift yfir sumarið.

## Niðurstöður og umræða

### *Seiðabúskapur*

Á þeim sex stöðvum á fiskgengu svæði sem seiðabúskapur í Hofsár var kannaður á sumarið 2000, veiddust laxaseiði á aldrinum 0-4 ára. Á einni þeirra rafveiðistöðva (nr. 5) fundust vorgömlu seiði og voru það 0,3 seiði á hverja 100m<sup>2</sup> metið yfir allt rafveidda svæðið samanlagt. Af eins árs seiðum voru 1,8 seiði á 100m<sup>2</sup> sem er nokkru fyrir neðan langtímameðaltal (töflur 1 og 3) og sama má segja um tveggja ára seiðin sem voru 1,0 seiði á 100m<sup>2</sup>. Þriggja ára seiðin voru 2,5 á 100m<sup>2</sup> sem er yfir meðallagi og í samræmi við góðan árgang mældan í á síðasta ári sem tveggja ára seiði þá. Líklega hefur hluti þessa árgangs gengið til sjávar vorið 2000 og seinni hluti hans mun ganga út á vori komanda. Lítillegt fannst af fjögurra ára seiðum.

Um seiðabúskapinn í Hofsá má því almennt segja að sterkur árgangur sem var 3+ seiði í síðustu rafveiðum, haldi uppi gönguseiðafjöldanum vor 2000 og vor 2001. Síðan koma árgangar seiða sem eru lakari en meðaltal, þó enn geti ræst úr 0+ og 1+ árgöngunum ef afföll verða lítil milli ára.

Rafveitt var stórt svæði við Mel, á ófiskgengu svæði Hofsár. Þar fundust þrjú seiði sem voru öll að svipaðri stærð (2. mynd) og 2 ára gömul. Einnig var rafveitt við Brunahvamm og þar veiddust nokkur vorgömul seiði og eitt 11,9 cm seiði, 2 ára gamalt. Hér er í báðum tilvikum seiði undan fiski sem sleppt hefur verið upp á heiðar og ætlað til hrygningar. Greinilegt er líka að seiðin vaxa mjög vel og vorgömlu seiðin voru jafnstór á fiskgengum og ófiskgengum svæðum, að vísu veidd viku síðar á ófiskgenga hlutanum. Einnig hafa eldir seiðin (2+) vaxið mjög vel. Ekki þarf að búast við að finna jafn mikinn þéttleika seiða eftir náttúrulega hrygningu eins og þegar veitt var á svæðum þar sem örugglega hafði verið sleppt smáseiðum áður. Náttúrulega klakið dreifir sér betur og því má búast við minni þéttleika en væntanlegra yfir stærra svæði. Því er vænlegt að halda áfram sleppingum á fullorðnum laxi uppfyrir og ná smá saman að fylla búsvæðin af náttúrulega klöktum seiðum. Búast má við að stærri seiðin sem nú varð vart við gangi út á komandi vori þar eð þau voru búin að ná 11-12 cm stærð haustið 2000. Þó verður að taka það með þeim fyrirvara að seiði sem vaxa upp á ofar í ánum ganga að jafnaði stærri niður en þau sem neðar eru. Dæmi um þetta eru mjög stórvaxin gönguseiði sem ættuð voru úr sleppingu í Gestreiðarkvísl 1994.

Góður vöxtur hefur verið á seiðunum í Hofsá síðustu tvö árin (tafla 1 og 4) og með því að bera saman meðallengdir áraga úr rafveiðinni síðastliðið haust við langtíma meðaltal sést að allir árgangar voru yfir meðaltali, nema elstu seiðin, sem þýðir það að af þeim aldurshópum hefur gengið til sjávar á síðasta vori.

Í Sunnudalsá fundust seiði á aldrinum 0, 1 og 3 ára í rafveiðunum (tafla 2 og 3. mynd). Seiðabúskapur er samstiga í Sunnudalsá og Hofsá að því leyti að 3+ seiðin er sterkur árgangur, 2+ seiðin lélegur eða finnst ekki í Sunnudalsá en yngri árgangarnir eru óræðari ennþá.

Á ófiskgenga hluta Sunnudalsár við Borgir fannst nú ekkert af seiðum sem jafnan hefur gefið nokkuð af seiðum. Einnig var farið fram fyrir ós Fossár og rafveitt þar skammt fyrir ofan en einnig tæpum kílómetra ofar. Á hvorugu svæðinu varð vart við seiði. Þetta er erfitt að túlka, sérstaklega í ljósi þess að fullyrt hefur verið að lax gangi upp fyrir fossinn í Sunnudalsá og enn fremur að nokkuð hafi sést að laxaseiðum þegar lengra kemur fram á dalinn. Þessar fullyrðingar er hvorki hægt að hrekja né staðfesta þar sem erfitt er að komast að þeim svæðum sem um er rætt og því þyrfti sérstakan leiðangur til að svara þessari spurningu.

### ***Laxveiðin og hreistursýni***

Samkvæmt veiðibókum veiddust 789 laxar í Hofsá sumarið 2000 en þar af var 213 sleppt og afli varð því 576 laxar. Veiðin í Sunnudalsá var 15 laxar og þar af var 7 sleppt aftur og afli því 8 laxar.

Af þeim 789 löxum sem veiddir voru í Hofsá sumarið 2000 voru 563 hængar og 215 hrygnur. Þar af var 519 lax búinn að vera 1 ár í sjó (smálax) en 270 laxar 2 ár í sjó (stórlax). Hængar koma í meira mæli sem smálax en hrygnur sem stórlax eins og endranær (4. mynd). Smálax var að jafnaði 2,2 kg en stórlax 5,8 kg. Fjöldi smálaxa gefur nokkur fyrirheit um að stórlax verði í nokkru magni á næsta sumri, en hin síðari ár hefur reyndar hlutfall stórlaxa úr hverjum árgangi lækkað. Tekin var saman veiði smálax og stórlaxa frá því að skráning hófst eða frá 1949 til síðasta árs. Þar var veiði af smálaxi sett með stórlaxi sem veiddist ári seinna en þá eru báðir hópar settir saman á gönguseiðaárið sem þeir eru ættaðir úr (7. mynd). Sést þá greinilegar hve stórlaxinum hefur fækkað miðað við smálax úr sama gönguseiðahópi. Hver skýringin á þessu er, er óljóst en þessi þróun hefur átt sér stað yfir allt N-Atlantshaf þar sem lax á sér heimkynni. Þetta er einnig meginskýringin á lakari laxveiði í íslenskum ám hin seinni ár, þar sem fjöldi smálaxa hefur staðið í stað eða heldur aukist.

Mest veiddist af laxi í 8. viku veiðitímans í Hofsá og stendur hún nokkuð upp úr veiði viknanna fyrir og eftir (5. mynd). Alls voru 735 bleikjur skráðar í veiðibók og 37 urriðar (6. mynd) (Guðni Guðbergsson 2001). Silungsveiðin hefur því aukist milli ára eða skráning hennar hefur batnað. Vert er að gefa silungsveiðinni góðan gaum því víða eru tekjur að aukast af silungsveiði og fleiri og fleiri veiðifélög eru farin að telja hana fram í veiðiskýrslum sínum. Þó svo að lax skapi langmestar tekjur í á eins og

Hofsá, er nú víða meir og meir horft til silungsveiði sérstaklega í árum þegar lax er í lægð.

Hreistur var lesið af 76 löxum í Hofsá. Niðurstöður hreisturlesningarinnar urðu þær að 44,7% höfðu verið 3 ár í ferskvatni, 48,7% verið 4 ár, og 6,6% 5 ár (tafla 5). Úrtakið af hreistrum sem var lesið var síðan yfirfært á heildarveiðina og þá sást hvað mikið er ættað úr hverjum klakárgangi (tafla 6).

Hvað laxveiðina sumarið 2001 varðar, virðist sem hluti af sterkum árgangi hafi gengið út vor og sumar 2000 og því gæti smálaxaveiði orðið góð á sumri komanda. En smálaxaveiðin á síðasta sumri var rúmir 500 laxar og því er ekki hægt að spá nema 250-300 stórlöxum í veiði á næsta ári miðað við þróun smálax/stórlax hlutfalls á síðustu árum.

### ***Seiðasleppingar og endurheimtur***

Engum seiðum hefur verið sleppt í Hofsá síðustu tvö árin. Enn voru þó að koma síðustu niðurstöður úr sleppingum 1998 og jafnvel fyrri sleppingum, á síðasta veiðisumri. Gönguseiðasleppingin 1997 er þá komin í 0,45% endurheimtur í veiði, smáseiðasleppingin 1997 í 0,08% og gönguseiðin 1998 í 0,22% endurheimtu (tafla 7)

Einn merktur lax í Hofsá 1998 skilaði sér í Skjálfandafljót en Hofsá “græddi” fjóra til baka sem merktir voru í öðrum ám þ.e. 1 úr Núpsá, 2 úr Vesturdalsá og 1 úr Breiðdalsá.

### **Heimildir og skrá yfir fyrri rannsóknir í Hofsá**

Árni Jóhann Óðinsson, 1991. Laxarannsóknir í Hofsá í Vopnafirði 1990. VMST- A/91003.

Elvar Hallfreðsson, 1990. Fiskistofnar Hofsár 1989. VMST-R/900020.

Guðni Guðbergsson, 2001. Lax- og silungsveiðin 2000. Veiðimálastofnun VMST- R/0105. 24 bls.

Ólafur Einarsson og Árni Jóhann Óðinsson, 1989. Laxarannsóknir í Hofsá í Vopnafirði 1988. VMST- R/89014.

Sigurður Guðjónsson, 1988. Laxarannsóknir í Hofsá í Vopnafirði 1987. VMST-R/88029.

Steingrímur Benediktsson, 1987. Niðurstöður rafveiða í Hofsá í Vopnafirði 1985 og 1986. VMST-A87001.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson, 1992. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 1991. VMST- R/92017.

Þórólfur Antonsson, 1993. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 1992. VMST- R/93008x.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1994. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 1993. VMST- R/94010x

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1995. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 1994. VMST- R/95012x.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1996. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 1995. VMST- R/96009x.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1997. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 1996. VMST- R/97008.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1998. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 1997. VMST- R/98006. 16 bls.

Þórólfur Antonsson 1999. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 1998. Skýrsla VMST-R/99006. 15 bls.

Þórólfur Antonsson 2000. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 1999. Skýrsla VMST-R/0008. 15 bls.

Tafla 1 Niðurstöður seiðamælinga í Hofsa 2000. Fjöldi laxaseiða á 100m<sup>2</sup>, meðallengd (cm), meðalþyngd (gr), og holdastuðull, einnig er gefið staðalfrávik(Sd) meðaltalna.

Table 1 Density and size of salmon juveniles in Hofsa 2000.

Age	Total no.	No./100m <sup>2</sup>	Mean length	Std.dev.	Mean weight	Std.dev.	Condition factor	Std.dev.
Aldur	Heildarfj.	Fj./100m <sup>2</sup>	M-lengd	Sd.	M-þyngd	Sd	Holdast.	Sd
0+	5	0,30	4,7	0,28	1,1	0,19	1,08	0,052
1+	31	1,83	7,3	0,40	4,5	0,74	1,14	0,053
2+	17	1,00	9,2	0,73	9,1	1,97	1,14	0,055
3+	58	3,43	11,6	0,79	18,0	4,18	1,15	0,091
4+	2	0,12	12,8	0,57	23,1	5,52	1,09	0,118

Tafla 2 Niðurstöður seiðamælinga í Sunnudalsá 2000. Fjöldi laxaseiða á 100m<sup>2</sup>, meðallengd (cm) og meðalþyngd (gr), einnig er gefið staðalfrávik(Sd) meðaltalna.

Table 2. Density and size of salmon juveniles in Sunnudalsá 2000.

Age	Total no.	No./100m <sup>2</sup>	Mean length	Std.dev.	Mean weight	Std.dev.	Condition factor	Std.dev.
Aldur	Heildarfj.	Fj./100m <sup>2</sup>	M-lengd	Sd.	M-þyngd	Sd	Holdast.	Sd
0+	3	0,86	4,2	0,21	0,8		0,94	
1+	7	2,00	6,1	0,23	2,3	0,19	1,01	0,043
2+	0							
3+	9	2,57	9,0	0,94	8,0	2,39	0,08	0,058

Tafla 3 Þéttleiki laxaseiða á hverja 100m<sup>2</sup> botnflatar í Hofsa 1979-2000, skipt eftir aldri.

Table 3 Density of salmon juveniles in Hofsa over the period 1979-2000.

Year	No of stations	Aldurshópar Age (year classes)						Heildar fj./100m <sup>2</sup>
		0+	1+	2+	3+	4+	>4+	
Ár	Fj.stöðva							
1979	1	2,0	20,0	7,0	4,0			33,0
1980	2	0,1	2,8	13,7	3,0	2,2		21,8
1981	4	0,1	1,4	1,0	5,6	0,5		8,6
1982	4	0,1	1,5	3,1	0,9	0,6		6,2
1983	5		0,5	3,4	5,6		0,2	9,7
1984	4		0,8	0,6	6,2	2,5		10,1
1985	9		0,3	0,9	0,3	0,5		2,0
1986	7	0,1	3,2	1,4	0,8	0,1		5,6
1987	10	3,8	0,6	1,9	0,1	0,1		6,5
1988	7	2,3	6,7	0,3	0,4			9,7
1989	5	0,2	4,9	5,9	0,3	0,1		11,4
1990	8	0,3	1,3	5,5	3,3	0,1		10,5
1991	7	1,6	1,7	1,5	2,9	0,7		8,4
1992	6		6,1	8,0	1,7	3,0		18,8
1993	6	0,8	0,8	4,2	4,9	2,0	0,9	13,6
1994	6	5,7	2,2	1,7	4,1	1,3		15,0
1995	6	0,1	6,3	3,0	1,2	1,5	0,2	12,3
1996	7		0,4	3,5	1,0	0,2		5,1
1997	7	1,1	3,9	1,5	2,7	0,1		9,2
1998	7	0,0	8,6	1,3	0,1	0,0		10,1
1999	6	0,6	1,1	8,5	2,5	0,0		12,6
2000	6	0,3	1,8	1,0	3,4	0,1		6,7
<b>Meðaltal</b>		<b>0,87</b>	<b>3,50</b>	<b>3,59</b>	<b>2,50</b>	<b>0,71</b>	<b>0,06</b>	<b>11,22</b>



Tafla 4 Meðallengdir (cm) aldurshópa laxaseiða í Hofsa 1979-2000.

Table 4 Mean length of salmon juveniles in Hofsa over the period 1979-2000.

Year Ár	m <sup>2</sup> m <sup>2</sup>	Aldurshópar Age (year classes)					
		0+	1+	2+	3+	4+	>4+
1979	200	2,8	5,3	7,0	8,4		
1980	480	4,3	6,3	8,0	10,0	12,5	
1981	1080	3,8	5,2	7,0	8,8	11,0	
1982	1800	3,3	6,1	8,8	10,7	12,7	
1983	810		5,9	8,1	10,9		14,8
1984	530		4,4	6,4	8,8	11,1	
1985	3670		6,6	8,7	10,5	11,6	
1986	1490	3,8	6,1	8,7	11,2	13,0	
1987	4350	3,9	6,7	9,0	11,6	13,0	15,3
1988	2400	3,2	6,0	7,8	11,0		
1989	1300	2,9	5,6	7,8	10,4	13,6	
1990	1445	3,7	5,6	7,3	9,9	11,7	
1991	1960	4,6	6,6	8,1	10,1	12,7	
1992	1450		6,8	9,0	10,5	11,9	
1993	1190	3,3	5,4	8,0	9,7	11,1	13,9
1994	1430	3,5	5,8	7,8	10,0	11,8	
1995	1585	3,2	5,8	7,9	9,6	11,1	11,4
1996	1670		7,0	8,8	11,2	12,2	
1997	1476	4,1	7,3	9,6	11,7	14,0	
1998	1472		6,3	9,2	11,2		
1999	1420	4,2	6,4	8,8	10,8		
2000	1692	4,7	7,3	9,2	11,6	12,8	
		3,6	6,1	8,2	10,3	12,2	

Tafla 5 Ferskvatns- og sjávaraldur lax í Hofsa 2000, lesið úr hreistri.

Table 5 Age composition of salmon in Hofsa 2000 as seen in scale samples.

Ár í sjó	Ár í ánni	Sea age				No alls	%
		1		2			
		male hængur	female hrygnur	male hængur	female hrygnur		
Fresh water age	2	0	0	0	0	0,0	
	3	26	3	0	5	34	
	4	18	3	5	11	37	
	5	4	0	0	1	5	
No	Fjöldi alls	48	6	5	17	76	
	%	63,2	7,9	6,6	22,4	100	

Einn lax með sjávaraldur 3 og ferskvatnsaldur 4


Tafla 6 Hlutdeild mismunandi árganga af laxi sem á land kom í Hofsá 2000.

Table 6 Composition of different year-classes in the salmon catch 2000 in Hofsá.


Year of hatching	Number	%	In total catch
Klakár	Fjöldi	%	yfirfært á afla
1996	29	38,2	301
1995	26	34,2	270
1994	20	26,3	208
1993	1	1,3	10
Samt.			
<i>Total</i>	76	100	789

Tafla 7. Endurheimtur merktra seiða í laxveiði í Hofsá síðustu ár.

Seiðagerð	Sleppiár	Sleppistaður	Fj. slepptra	Samt.	Fj. endurh. í Hofsá eftir				% endurh. í Hofsá	Fj. endurh. utan Hofsár	% endurh. utan Hofsár	Heildarheimtur %
					1 ár	2 ár	3 ár	4 ár				
Smáseiði	1991 neðan foss		2021	6					<b>0,30</b>	1	0,05	0,35
Smáseiði	1991 ofan foss		1969	2					<b>0,10</b>	0	0,00	0,10
Gönguseiði	1992 efri tjörn		4006	12	10	2			<b>0,30</b>	0	0,00	0,30
Gönguseiði	1992 neðri tjörn		6046	15	12	3			<b>0,25</b>	0	0,00	0,25
Smáseiði	1993 ofan foss		5003	6					<b>0,12</b>	3	0,06	0,18
Smáseiði	1993 neðan foss		5004	2					<b>0,04</b>	1	0,02	0,06
Gönguseiði	1994 efri tjörn		4996	32	20	12			<b>0,64</b>	3	0,06	0,70
Gönguseiði	1994 neðri tjörn		5001	35	24	11			<b>0,70</b>	4	0,08	0,78
Smáseiði	1994 ofan foss		10014	6		4	2		<b>0,06</b>	1	0,01	0,07
Smáseiði	1994 Gestreiðarkv.		3000	9		3	5	1	<b>0,30</b>	1	0,03	0,33
Gönguseiði	1995 tjarnir		10087	63	57	6			<b>0,62</b>	5	0,05	0,67
Smáseiði	1995 ofan foss		4150	20		8	12		<b>0,48</b>	1	0,02	0,51
Smáseiði	1995 neðan foss		5868	10		6	3	1	<b>0,17</b>	2	0,03	0,20
Gönguseiði	1996 (stærstu)		3828	30	21	9			<b>0,78</b>	0	0,00	0,78
Gönguseiði	1996 (miðstærð)		3927	26	18	8			<b>0,66</b>	0	0,00	0,66
Gönguseiði	1996 (minnstu)		2250	19	11	8			<b>0,84</b>	0	0,00	0,84
Smáseiði	1996 ofan foss		4388	15		6	8	1	<b>0,34</b>	0	0,00	0,34
Smáseiði	1996 neðan foss		5665	12		4	5	3	<b>0,21</b>	1	0,02	0,23
Gönguseiði	1997 tjarnir		10006	45	33	12			<b>0,45</b>	8	0,08	0,53
Smáseiði	1997 ofan foss		4997	4		2	2		<b>0,08</b>	0	0,00	0,08
Gönguseiði	1998 tjarnir		10001	22	15	7			<b>0,22</b>	8	0,08	0,30




1. mynd. Vatnakerfi Hofsár.




2. mynd. Lengdardreifing laxaseiða á sjö stöðvum í Hofsá 2000. Fyrsta stöðin er efst og sjötta stöðin neðst á fiskgengu svæði. Stöðvar 7 og 8 eru á ófiskgengu svæði við Mel og Brunahvamm.

Figure 2. Length distribution of salmon juveniles in Hofsá 2000. Station 1 is near the tributary Tunguá and 6 near Hof, others between. Stations 7 and 8 are above waterfall.



3. mynd. Lengdardreifing laxaseiða í Sunnudalsá 2000, stöðvar 1-6 í Hofsá sameinaðar. Einnig urriði og bleikja á öllum stöðvum í Hofsá og Sunnudalsá.

Figure 3. Length distribution of salmon juveniles in Sunnudalsá 2000, stations 1-6 combined. Also Trout and Char juveniles of all stations in Hofsá and Sunnudalsá combined in the two last figures.




4. mynd. Þyngdardreifing lax sem á land kom í Hofsá og Sunnudalsá 2000, skipt í hænga og hrygnur.

Figure 4 Weight distribution of salmon in the catch in Hofsá and Sunnudalsá 2000 for both male and female.



5. mynd. Dreifing laxveiðinnar eftir vikum sumarið 2000. Fyrsta vika er talin frá 24.-30. júní.

Figure 5 Weekly distribution of the catch 2000. The first week is 24.-30. of june.



6. mynd. Dreifing silungsveiðinnar eftir vikum sumarið 2000.

Figure 6 Weekly distribution of the catch of char and trout 2000.